

Alþingi
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. október 2022

Málefni: Umsögn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu um fjárlagafrumvarp fyrir árið 2023

Helstu áherslur í umsögn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV):

- Í nefndarálti meirihluta fjárlaganefndar um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2023–2027 kemur eftirfarandi fram um fjármagn til hjúkrunarheimila:
„Meiri hlutinn fagnar nýgerðum samningum vegna reksturs hjúkrunarheimila. Afar mikilvægt er að fylgja þeim samningum eftir og halda áfram að þróa og bæta rekstur heimilanna. Með samningunum er ljóst að staða þeirra hefur batnað til mikilla muna og nauðsynlegt er að halda vel á málum þannig að ekki myndist aftur sá vandi sem var í rekstri heimilanna á undanförunum árum“
Sá vilji meirihluta fjárlaganefndar sem þarna er settur fram, um að samningunum verði fylgt eftir og staða hjúkrunarheimilanna styrkt áfram **virðist því miður ekki ná fram að ganga í fjárlagafrumvarpi þessu**. Það er mikið áfall og byggja SFV það álit sitt á eftirfarandi:
Inn í frumvarpið vantar fjármuni í fjárlagalið 25.1 hjúkrunar- og dvalarrými til ríkið geti staðið við þjónustusamninga við hjúkrunarheimili sem gerðir voru í apríl síðastliðnum. **Ef fjárlagafrumvarpið yrði samþykkt eins og það er lagt fram núna myndu þeir samningar ekki ná að standa** og þannig yrði gríðarleg óvissa um þjónustu við ýmsa af viðkvæmustu einstaklingum samfélagsins. Það sem vantar í fjárlögin til hjúkrunarheimilanna er:
 - 1.200 m.kr. upp í þann aukakostnað sem varð vegna breytingu á vinnutíma í vaktavinnu. Í meðförum fjárlaganefndar á fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2022 var 1.200 m.kr. bætt við. Það fjármagn vantar í frumvarp þetta. **Í nýjum þjónustusamningum hjúkrunarheimila sem undirritaðir voru í apríl síðastliðnum var samið um einingarverð sem innihélt þetta fjármagn, og engir fyrirvarar gerðir um það af hálfu ríkisins**. Það er því ákaflega mikilvægt að því sé bætt við svo að ríkið geti staðið við þjónustusamningana.
 - Fjármagn til hjúkrunarheimila vegna verðlagshækkana. Fjárveitingar til hjúkrunarheimila á samningi við SÍ hefðu átt að hækka um 750 milljónir skv. almennum forsendum frumvarpsins um verðlagshækkunir.
 - Svo virðist sem að í frumvarpinu sé ekki að finna 96. m.kr. vegna svokallaðs útlagasjóðs hjúkrunarheimila, sem lýst var yfir að heilbrigðisráðuneytið myndi beita sér fyrir að yrðu í fjárlögunum, í aðdraganda nýrra þjónustusamninga. Það fjármagn virðist vera lægra.
- Í nýjum þjónustusamningum hjúkrunarheimila var samið um að ef ekki væri veitt nægu fjármagni til hjúkrunarheimila vegna eftirfarandi þátta, þá kæmi til þjónustuskerðingar, sem hjúkrunarheimilin meta sem ómögulegt. Ekki er ljóst í frumvarpinu hvort þar sé að finna nægilegt fjármagn í fjárlagalið 25.1 vegna:

- **Hjúkrunarþyngdar** – Sem er mælikvarði á hversu mikla þjónustu íbúar hjúkrunarheimila þarf. Hér myndi þurfa 500 m.kr. til að greiðslur ríkisins séu í samræmi við raunverulega hjúkrunarþörf íbúa hjúkrunarheimila – þ.e. svo hægt sé að veita þeim þá umönnun sem þau þurfa að lágmarki.
- **Smæðarálag** – Síðustu þrjú ár hefur verið veittar viðbótargreiðslur til lítilla hjúkrunarheimila til að styðja þau í afar erfiðum rekstri. Ef þetta verður lækkað þá myndi það þýða gífurlega erfiðleika í rekstri og þjónustu lítilla hjúkrunarheimila, sem flest eru á landsbyggðinni. Hér þarf einnig til um 500. m.kr.
- **Alzheimersamtökin** og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu kalla eftir því að bætt verði við fjárlögin 85 m.kr. árlegu fjárframlagi vegna þjónustumiðstöðvar Alzheimersamtakanna fyrir fólk sem greinist ungt með heilabilum eða er á fyrri stigum sjúkdómsins, auk aðstandenda þeirra. Í síðustu fjárlagavinnu bætti fjárlaganefnd við 50 milljónum vegna þessa máls, en það fjármagn er ekki í fjárlagafrumvarpi þessu. Fjallað er um nauðsyn þess að koma á slíkri þjónustu í áætlun heilbrigðisráðuneytisins frá 2020 í málefnum fólks með heilabilun. Nú hefur fjárlaganefnd og Alþingi tækifæri til að styðja þau fyrirheit.
- Kallað er eftir því að hætt verði við stórfelldan niðurskurð fjárveitinga til **SÁÁ** og rekstargrunnur samtakanna leiðréttur. Að óbreyttu þýðir fjárlagafrumvarpið mikinn niðurskurð á þjónustu SÁÁ sem myndi t.d fela í sér að sumarlokanir verði teknar upp að nýju, 270 færri innlagnir á Sjúkrahúsið Vogu og að minnst 160 sjúklingar fá ekki lyfjameðferð á göngudeild við ópíóíðafíkn.
- Fjárveitingar til **endurhæfingarþjónustu** minnka milli ára og mikið vantar upp á fjármagn vegna hækkandi verðlags. Í ljósi aukinnar áherslu á endurhæfingu í heilbrigðisþjónustu er ákaflega mikilvægt að þessari þróun verði snúið við.
- Framlög til **Reykjalundar** þurfa að hækka til að þau séu í samræmi við forsendur frumvarpsins um hækkandi verðlag.

Athugasemdir um einstaka málefnasvið

Málefnasvið 25 Hjúkrunar og endurhæfingarþjónusta

25.1 Hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrými.

Í fylgiriti fjárlagafrumvarpsins kemur fram að fjárveitingar vegna samninga SÍ við hjúkrunarheimilin fara úr 41.143 m.kr í 41.541 m.kr. í frumvarpinu fyrir 2023. Hér er einungis um að ræða 0.97% hækkun á þessum fjárlagalið, sem er töluvert langt frá því að ná utan um raunverulegan kostnaðarauka hjúkrunarheimila á næsta ári. Það er töluvert sem vantar upp á og er nánar fjallað um það hér að neðan.

Breyting á vinnutíma í vaktavinnu (BVV)

Inn í frumvarpið vantar fjármuni til að bæta kostnað hjúkrunarheimila og fyrirtækja í velferðarþjónustu vegna styttingu vinnuvikunnar. Í meðförum fjárlaganefndar á fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2022 var 1.200 m.kr. bætt við. Það fjármagn vantar í frumvarp þetta.

Samtökin gera sérlega athugasemd við þetta þar sem í nýjum þjónustusamningum hjúkrunarheimila var samið um greiðslur til hjúkrunarheimilanna sem innifela þetta fjármagn. Hér að neðan má sjá fyrsta hluta samnings eins hjúkrunarheimilanna við ríkið:

Samkomulag um framlengingu á samningi

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ), kt. 650309-0220 og Hrafnista Garðabæ - Ísafold (verksali), kt. 600117-1300, gera með sér svofellt samkomulag um framlengingu á samningi um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilis að Strikinu 3, Garðabæ, dags. 20. desember 2019, sbr. síðari breytingar.

Með samkomulagi þessu er ofangreindur samningur framlengdur til og með 31. mars 2025.

Við gildistöku samkomulags þessa er:

- Einingarverð, sbr. 3. mgr. 8. gr. samningsins, er kr. 144,43 á verðlagi ársins 2022.

SFV vekur sérstaklega athygli á því að einingarverðið sem þarna er samið um kr. 144,43 var reiknað út frá því fjármagni sem finna mátti í samþykktum fjárlögum fyrir árið 2022, og innifelur þannig í sér þær 1.200 m.kr vegna kostnaðar hjúkrunarheimilanna vegna styttingu vinnuvikunnar. Það fjármagn vantar í fjárlagafrumvarp 2023 og **myndi samþykkt þessa frumvarps óbreytt þannig þýða að ríkið standi ekki við nýja þjónustusamninga hjúkrunarheimila, aðeins nokkrum mánuðum eftir að skrifað var undir þá. Slíkt myndi þýða mikla óvissu um þjónustu hjúkrunarheimilanna.**

Er raunverulegur kostnaður vegna Breytingu á vinnutíma í vaktavinnu (BVV) hærri en kostnaðarmat sýnir?

Á hjúkrunarheimilum er sólarhringsþjónusta alla daga vikunnar, allt árið. Vísbindingar eru um að hvert stöðugildi skili nú að meðaltali 34,4 klst á viku vegna styttingar og vægis vinnuskyldustunda. Þess vegna þarf 16,27% fleiri stöðugildi $((40-34,3)/34,4)$ til að manna vaktirnar eftir BVV miðað við sömu mönnun og sama þjónustustig, þ.e. umönnunarklukkustundir per íbúa.

Ef vilji stjórnvalda liggur til þess að BVV verkefnið valdi ekki skerðingu á þjónustu hjúkrunarheimila og fyrirtækja í velferðarþjónustu, sem myndi lýsa sér í því að umönnunarklukkustundum á hvern heimilismann hjúkrunarheimila myndi fækka sem mótvægi við aukinn launakostnað, þá þurfa stjórnvöld að horfa til þessa við fjárveitingar til hjúkrunarheimila og annarra fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Eins og fjallað er um hér að neðan eru umönnunarklukkustundir þegar undir þeim mörkum sem Embætti landlæknis hefur skilgreint sem viðmið um mönnun og umönnun á hjúkrunarheimilum. Ef stuðst væri við 34,4 stunda vinnuviku væri kostnaður hjúkrunarheimila um 4-5% hærri heldur en ef miðað er við 36 stunda vinnuviku, sem er viðmiðið sem stjórnvöld hafa notað við kostnaðarmat verkefnisins og það sem horft er til í mati á kostnaði á vettvangi matshóps, stýrihóps og verkefnisstjórnar BVV verkefnisins.

Þetta þýðir að 1,2 milljarðurinn sem vantar í fjárlagafrumvarp þetta, nær ekki utan um raunverulegan kostnað við BVV. Staðan er því miður þannig að mönnun er enn skert frá því fyrir BVV og það þrátt fyrir að launakostnaður hjúkrunarheimila sé yfir þeim mörkum sem fjallað er um í þjónustusamningum (80%).

Hjúkrunarþyngd

Ekki er skýrt í frumvarpinu hversu miklu fjármagni er veitt vegna hjúkrunarþyngdar hjúkrunarheimila (sem er fjármagn sem til kemur vegna mats á því hversu mikla þjónustu íbúar hjúkrunarheimila þurfa). Í síðustu fjárlögum var að finna 361.8 milljónir vegna hjúkrunarþyngdar og er það okkar mat að bætt verði við hana.

Ein af stóru breytingunum sem kom inn með nýjum þjónustusamningum hjúkrunarheimila er að inn í þá var sett ferli til að ákvarða niðurskurð á þjónustu ef fjármagn vantar í fjárlögum. Það er ógerningur að sjá hvernig hægt er að draga úr þjónustu sem nú þegar hefur verið skert vegna BVV en á sama tíma eru settar auknar kröfur á hjúkrunarheimilin að taka við öllum þeim sem þurfa á sólarhringsþjónustu að halda án þess að greiðslur fylgi þjónustupörf einstaklings. Við hjá hjúkrunarheimilunum viljum fyrir alla muni forðast þetta og hvetjum fjárlaganefnd eindregið til að tryggja fjármagn vegna þessa.

Eftirfarandi er bókun í nýjum þjónustusamningum hjúkrunarheimila sem fjallar um ferlið sem fer af stað við niðurskurð á þjónustu, ef ekki er tryggt nægt fjármagn í fjárlögum

Bókun 1:

Við undirbúning fjárlaga hvers árs munu Sjúkratryggingar Íslands upplýsa heilbrigðisráðuneytið og samstarfsnefnd, um breytingar á hjúkrunarþyngdarmælingum (RUG stuðull). Sýni mælingar aukna þörf fyrir fjármagn vegna þessa, munu SÍ koma upplýsingum um áætlaða fjárþörf á framfæri við heilbrigðisráðuneytið.

Komi til þess að niðurstaða RUG stuðuls beri með sér kostnað umfram fjárveitingu vegna hjúkrunarþyngdar samkvæmt fjárlögum skal aðlaga greiðslur vegna hans (skala niður) að fjárveitingunni jafnt hjá öllum rekstraraðilum hjúkrunarheimila sem fá greitt samkvæmt gjaldið 3.00, sbr. 8. gr. sammingsins. Þá geta viðkomandi hjúkrunarheimili lagt fram tillögur til samstarfsnefndar um hvaða kröfum í kröfulýsingu verði veittar undanþágur frá, eða mögulegar leiðir ef niðurskurður á þjónustu/kröfum í kröfulýsingu er ekki mögulegur. Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. taka SÍ ákvörðun um hvort undanþága sé veitt frá kröfulýsingu.

Í framhaldi af samþykkt þjónustusamninganna hefur heilbrigðisráðherra sett af stað starfshóp um nýtt mats- og greiðsluferfi fyrir hjúkrunarheimili, sem er ákaflega mikilvægt og þarft framfaraskref.

- Starfshópnum setti ráðherra það markmið að “greiðslur séu í samræmi við raunverulega þjónustu hverju sinni, en ekki meðaltal aftur í tímann”. Ef að það markmið á að nást fram er ljóst að bæta þarf verulega í fjármagn vegna hjúkrunarþyngdar.
- Sá starfshópur skilar sínum niðurstöðum á næsta ári og það er ljóst að það mun fela kostnað í sér að ná þessu markmiði fram.
- Til er mat á kostnaði við að færa greiðslurnar á réttan stað m.t.t núverandi hjúkrunarþyngdar. Það var m.a reiknað af Sjúkratryggingum Íslands í aðdraganda nýrra þjónustusamninga.
- Við hjá SFV myndum leggja áherslu á að til staðar verði fjármagn til að starfshópurinn hafi svigrúm til að koma með með lausnir. Okkar mat er að **bæta þurfi a.m.k. 150 milljónum við þær**

362 milljónir sem var að finna í síðustu fjárlögum til að markmið um að greiðslur séu í samræmi við núverandi hjúkrunarþyngd, náist fram.

- Þá þarf líka að taka tillit til þess að undanfarið ár hefur hjúkrunarþyngd aukist um tæp 3% sem kallar væntanlega á enn frekari hækkun á þessum lið. SFV hefur ekki nýjar tölur um hversu mikið þarf að auka greiðslur vegna hækkandi hjúkrunarþyngdar, en hvetur nefndina til að vera í sambandi við heilbrigðisráðuneytið og Sjúkratryggingar til að tryggja að veitt sé nægu fjármagni í þennan mikilvæga þátt fjárveitinga til hjúkrunarheimila.

Smæðarálag

Í nýjum þjónustusamningum hjúkrunarheimila kom fram að “tímabundið viðbótarsmæðarálag árin 2020 og 2021 mun gilda árið 2022. Að okkar mati er gríðarlega mikilvægt að svo verði áfram og að bætt verði við. Ef þetta fjármagn verður ekki áfram mun það leggjast gríðarlega hart á, og ógna rekstrarhæfi minnstu hjúkrunarheimilanna.

Þau hjúkrunarheimili eru flest staðsett í minni sveitarfélögum á landsbyggðinni og þess vegna gríðarlega stórt byggðamál að þessir fjármunir verði áfram tryggðir. Og að okkar mati í mjög góðu samræmi við pólitískar áherslur ríkisstjórnarinnar að svo verði.

Eins og fyrir hjúkrunarþyngdina var samið um ferli til að ákvarða þjónustuskerðingu ef ekki eru nægilegir fjármunir í fjárlögum vegna smæðarálags. Sjá bókunina hér að neðan:

Bókun 2:

Aðilar eru sammála um mikilvægi þess að gætt sé að rekstrarhæfi smærri hjúkrunarheimila. Komi í ljós við undirbúning fjárlaga hvers árs að viðbótarsmæðarálag eða ígildi þess verði ekki tryggt á komandi ári, verður samstarfsnefnd upplýst um það. Verði niðurstaða fjárlaga að viðbótarsmæðarálagi er ekki til að dreifa, þá geta viðkomandi hjúkrunarheimili lagt fram tillögur til samstarfsnefndar um hvaða kröfum í kröfúlýsingu verði veittar undanþágur frá, eða mögulegar leiðir ef niðurskurður á þjónustu/kröfum í kröfúlýsingu er ekki mögulegur. Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. taka SÍ ákvörðun um hvort undanþága sé veitt frá kröfúlýsingu.

Á síðasta ári var veitt um 500 milljónum til hjúkrunarheimila vegna smæðarálags, og leggjum við hjá SFV áherslu um að svo verði gert áfram, til að koma í veg fyrir niðurskurð á þjónustu. Okkar mat er einnig að bæta þurfi í smæðarálagið a.m.k. 150 milljónum árlega til að tryggja rekstrarhæfi lítilla hjúkrunarheimila (sem flest eru á landsbyggðinni).

Útlagasjóður

Í aðdraganda nýrra þjónustusamninga hjúkrunarheimila gaf heilbrigðisráðherra út yfirlýsingu til að liðka fyrir samningum, þar sem eftirfarandi kom fram:

3. Útlagasjóður.

Heilbrigðisráðuneytið lýsir yfir vilja til að beita sér fyrir stækkun útlagasjóðs á árinu 2023 um 30 m.kr.

Þetta myndi þýða að útlagasjóður fyrir árið 2023 verði tæplega 100 m.kr. Við hjá SFV fáum ekki betur séð en að þessi hækkun hafi ekki náð fram að ganga og hvetjum fjárlaganefnd til að gera breytingar þar á.

Aðhaldskrafa

Í 1. kafla fjárlaganna kemur fram um aðhaldskröfu að: „Engin aðhaldskrafa er hins vegar gerð á bótakerfi almannatrygginga og atvinnuleysis, dómstóla, sjúkratryggingar, heilbrigðis- og öldrunarstofnanir.“ Þetta er ákaflega mikilvægt og fagna SFV þessari ákvörðun.

Í umfjöllun um málefnasvið 25.1 hjúkrunar- og endurhæfingaráþjónustu kemur þó fram að gert sé ráð fyrir aðhaldi á málefnasviðið upp á 131 m.kr. og vildum við hjá SFV því forvitnast um hvers vegna svo er og hvetja til þess að þetta verði dregið til baka ef það stangast við þessa meginlínu fjárlaganna um aðhaldskröfu.

Launaforsendur

Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram í kafla 5.5 að það:

„eru jafnan reiknaðar inn launahækkanir fyrir komandi ár samkvæmt fyrirbyggjandi kjarasamningum. Kjarasamningar opinberra starfsmanna renna flestir út í lok mars 2023 og ekki eru ákvæði um frekari kjarasamningsbundnar hækkanir á árinu 2023. Því er mikil óvissa uppi um hvenær verður samið og hver niðurstaða komandi kjarasamninga verður. Í ljósi þeirrar óvissu verður stofnunum ekki úthlutað viðbótarfjárveitingum byggt á áætlunum um mögulegar hækkanir. Í stað þess er gert ráð fyrir fjárheimild miðað við forsendur fjármálaáætlunar um launahækkanir opinberra starfsmanna á málefnasviði 34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir og eftir því sem niðurstöður kjarasamninga“

Ekki er algerlega ljóst af ofangreindri umfjöllun hvort að gert sé ráð fyrir hjúkrunarheimilum, dagdvölum og velferðarfyrirtækjum (málefnasvið 25.1 og 25.2) í þessum varasjóð. SFV hvetja fjárlaganefnd til að ganga úr skugga um það og tryggja að nægt fjármagn sé til að mæta komandi kjarahækkunum hjá þessum aðilum.

Almennar verðlagsforsendur

Fram kemur í kafla 5.5 í frumvarpinu um almennar verðlagsforsendur að:

„Í þjóðhagsspá Hagstofu Íslands var jafnframt gert ráð fyrir að verðbólga yrði 7,5% á árinu 2022 sem er 4,2 prósentustigum hærra en var í forsendum fjárlaga ársins 2022. Ríkisstjórnin hefur því að þessu sinni tekið ákvörðun um að bæta þann mismun sem er á verðbólgu samkvæmt forsendu fjárlaga 2022 og samkvæmt nýjustu þjóðhagsspá Hagstofunnar. Áætluð útgjöld vegna þeirrar viðbótarhækkunar eru 9,6 ma.kr. Heildarhækkun rekstrargjalda í frumvarpinu er því um 9,17%.“

Í þjónustusamningum hjúkrunarheimila er umfjöllun um hvernig greiðslur til hjúkrunarheimila eigi að uppfærast vegna verðlags:

9. gr.

Verðlagsuppfærsla

Einingarverð skv. gjaldskrá í 8. gr. samnings þessa er á verðlagi fjárlaga ársins 2020 og breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við launa- og verðlagsforsendur fjárlaga fyrir viðkomandi ár, í fyrsta sinn 1. janúar 2021. 80% einingarverðsins telst vegna launakostnaðar, að meðtöldum verktakagreiðslum heilbrigðisstarfsmanna, og 20% vegna annars rekstrarkostnaðar.

Rekstrarhluti einingarverðs skal breytast samkvæmt forsendum fjárlaga um almennar verðlagsbreytingar vegna samskonar kostnaðar og hjá heilbrigðisstofnunum.

Ef notast er við forsendu rekstrargjalda í frumvarpinu til að uppfæra greiðslur til hjúkrunarheimila frá 2022 til 2023 (skipt 80/20 eins og fjallað er um) myndi það þýða að greiðslur til hjúkrunarheimila hefðu átt að hækka um 1,8% eða 754 milljónir króna. Liður 25.1 – Samningar Sí við hjúkrunarheimilin hækkar úr 41.143 m.kr. í 41.541 m.kr. eða 0.97%. Þar inni ættu að vera allar hækkningar til hjúkrunarheimila. Þetta sýnir að það vantar klárlega inn fjármagn til hjúkrunarheimila vegna verðlagsuppfærslu.

Húsnæðiskostnaður hjúkrunarheimila

Ekki er fjallað sérstaklega í frumvarpinu um húsnæðiskostnað hjúkrunarheimila. SFV hafa árum saman vakið athygli stjórnvalda og Alþingis á því að ýmis hjúkrunarheimili fá ekki greidda leigu frá ríkinu vegna húsnæðis þess sem þau útvega undir þjónustuna, og ekki heldur nægilegar greiðslur til að ná utan um kostnað vegna rekstur húsnæðisins. Afleiðingar þessa er augljósar og alvarlegar fyrir ástand húsnæðis hjúkrunarheimila til framtíðar.

Nú er að störfum nefnd á vettvangi heilbrigðisráðuneytisins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem hefur húsnæðiskostnað hjúkrunarheimila til skoðunar. Von SFV stendur til þess að afleiðing þeirrar vinnu verði að loks tryggi ríkið nægt fjármagn til utanumhalds húsnæði hjúkrunarheimila. SFV hvetja fjárlaganefnd til að fjalla um þetta og vinna að því að til framtíðar verði hjúkrunarheimilum (og þannig íbúum þeirra) ekki mismunað þegar kemur að húsnæðisgreiðslum.

Málaflokkur 25.2 endurhæfingarþjónusta

Samkvæmt fylgiriti fjárlagafrumvarpsins lækka fjárveitingar til þessa málaflokks um 1.8% eða úr 6.572 m.kr. í 6.458 m.kr. Þrátt fyrir að upp á vanti fjármagn vegna komandi kjarasamninga, þá er ljóst að töluvert vantar hér upp á og ákaflega neikvætt að fjármagn til endurhæfingarþjónustu minnki.

Eins og fjallað var um hér að ofan er heildarhækkun rekstrargjalda í frumvarpinu „um 9,17%.“ Það ætti að þýða auknar fjárveitingar til þessa endurhæfingarþjónustu um 120 m.kr. sem passar illa við þá lækkun sem hér er boðuð. SFV hvetja til þess að fjárveitingar til málaflokksins verði endurskoðaðar og auknar, enda passa niðurskurður hér illa við boðaða aukna áherslu á endurhæfingu í heilbrigðisþjónustu.

Ekki er ljóst af frumvarpinu hvort að gert sé ráð fyrir þeim stofnunum sem fjalla undir málaflokk 25.2 í þessum almennum varasjóði vegna kjarahækkana, eins og fjallað var um hér að ofan í umfjöllun um málaflokk 25.1. SFV hvetja fjárlaganefnd til að ganga úr skugga um það og tryggja að nægt fjármagn sé til að mæta komandi kjarahækkunum hjá þessum stofnunum.

SÁÁ

Í fjárlagafrumvarpinu eru fjárveitingar til SÁÁ umtalsvert skertar miðað við síðasta ár. Í umsögn SÁÁ um fjárlögin er fjallað um áhrif þess á þjónustu SÁÁ. Niðurskurður fjárlagafrumvarpsins til SÁÁ myndi þýða:

- “270 færri innlagnir á Sjúkrahúsið Vog
- Minnst 160 sjúklingar fá ekki lyfjameðferð í göngudeild við ópíóíðafíkn
- Sumarlokanir að nýju (sumarið 2022 voru í göngudeild 2800 komur í 14 mismunandi meðferðarúrræði auk 752 viðtala; og 193 einstaklingar fengu inniliggjandi sálfélagslega meðferð á Vík)”

Ennfremur kemur fram frá SÁÁ að með skerðingu á framlögum 2023 stefni halli á rekstri meðferðarsviðs SÁÁ í að vera 450 m.kr. SFV hvetja fjárlaganefnd til að styrkja rekstrargrunn SÁÁ sem nemur þessum halla, enda getur það valla talist boðlegt að vanfjármagna svo mikilvæga þjónustu á svo afgerandi hátt.

SFV hvetja fjárlaganefnd til að horfa til þessara mikilvægu verkefna, sem og þeirrar nauðsynlegu heilbrigðisþjónustu sem veitt er hjá SÁÁ. Styrking rekstrargrunns SÁÁ er tækifæri til að taka risastórt stökk í þjónustu við fólk með fíknsjúkdóm og fjölskyldur þeirra, fyrir lítinn tilkostnað.

Framlög til Alheimersamtakanna – Seiglan

Í fjárlögum ársins 2022 voru veittar 50 m.kr. til reksturs þjónustumiðstöðvar Alheimersamtakanna Seiglnnar. Það var ákaflega mikilvægt skref hjá fjárlaganefnd og ráðherra að bæta því framlagi við í meðförum nefndarinnar á fjárlagafrumvarpinu, sem réttilega hlaut töluverða athygli.

Hér er um að ræða þjónustu sem getið er um í áætlun heilbrigðisyfirvalda í málefnum fólks með heilabilun og er í raun það stærsta sem framkvæmt hefur verið af þeirri áætlun. Starfsemin hefur farið mjög vel af stað og sýndi sig hversu brýn þörfin er fyrir þjónustuna. Í dag eru að jafnaði um 30 manns innskráðir í Seigluna svo ljóst er að Alheimersamtökin geta ekki staðið ein undir þeim rekstri. Þörfin fyrir þjónustuna er gríðarleg og það væri mikið áfall ef rof verður á henni. Þjónustan hefur ekki verið til staðar áður og er ekki veitt annars staðar. Því hvetjum við fjárlaganefnd og stjórnvöld til að sýna áfram sömu framsýni og þau gerðu þegar framlaginu var komið á. Alheimersamtökin hafa metið sem svo að fjárþörf reksturs Seiglnnar sé **aðeins 85 m.kr árlega, þrátt fyrir aðstoð sjálfbóðaliða, sem við óskum virðingarfullst að verði gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi ársins 2023.**

Reykjalundur

Framlög til Reykjalundar fara úr 2.270 m.kr. í 2.294 m.kr. milli ára sem er einungis hækkun um 1%. Eins og fjallað var um hér að ofan um endurhæfingarþjónustuna almennt, þá þýðir það að greiðslur til Reykjalundar eru ekki að ná að fylgja verðlagi. Ef miðað er við forsendur frumvarpsins um 9.14% hækkun vegna verðlags er ljóst að það vantar amk. 13 m.kr. í fjárveitingar til Reykjalundar.

Þá er hefur Reykjalundur einnig gert það ljóst að þau eru tilbúin að auka við endurhæfingarþjónustu þeirra ef vilji er til þess hjá stjórnvöldum, sem er í góðu samræmi við stefnumótun stjórnvalda um aukna áherslu á því sviði.

Almennar athugasemdir

Gegnsæi fjárheimilda til hjúkrunarheimila í fjárlögum

Í ljósi áherslna nýrrar ríkisstjórnar um gegnsæi í opinberri stjórnsýslu, aukningu gæða í heilbrigðisþjónustu og almennt í lýðræðismálum, þá eru samtökin bjartsýn á að farið verði í það verkefni að auka gegnsæi fjárheimilda í fjárlögum til velferðarþjónustunnar. Undanfarin ár hafa samtökin gert athugasemdir við að fjárlagafrumvörp séu töluvert ógegnisæ varðandi fjárveitingar til hjúkrunar –, dvalar – og dagdvalarrýma landsins. Ekki er t.d hægt að sjá hvaða rýmafjöldi eða legudagafjöldi liggur að baki fjárlagalið 08-403 Öldrunarstofnanir, daggjöld. Ekki er hægt að gera sér grein fyrir því hvort fullnægjandi hækkun sé á liðnum með hliðsjón af kostnaði vegna betri vinnutíma í vaktavinnu verkefnisins, kostnaði vegna verðlagshækkana eða hvernig greiðslur munu skila sér til einstakra hjúkrunarheimila.

Að lokum þá þakka SFV fyrir tækifærið til að veita málinu umsögn og óska virðingarfyllst eftir því að fá að koma til fundar með fjárlaganefnd til að fara betur yfir og ræða umsögn samtakanna.

Að öðru leyti vísast til umsagna aðildarfyrirtækja Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

F.h Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Sigurjón Norberg Kjærnested, framkvæmdastjóri